




SKOÐUN Lánamarkaðurinn freystir Íslandi á ný, segir Elín Hirst. **12**



MENNING Dagbók jazzsöngvара er ómarkviss útfærsla á tilfinningaheftum feðrum. **18**



LÍFID Ása Björg ákvað að kynna tígrisdýrum í Taflandi í sjálfböðavinnu. **24**



SPORT Liverpool vann stórleikinn gegn Man. City og er á toppnum. **22**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

14. apríl 2014
88. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Dýrasta serían

Kostnaður við sjónvarpsþáttaröðina Ófærð stefnir í einn milljarð króna og er hún dýrasta þáttaröð Íslands-sögunnar. **2**

Lést við Hrafninnusker Maður sem var í vélsleðaferð ásamt sjö félögum sínum í grennd við Hrafninnusker í gær lést er sleði hans féll fram af snjóhengju. **4**

Eðlilegar arðgreiðslur Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir bankana ekki stofna eiginfjárstöðu sinni í hættu með arðgreiðslum upp á 32 milljarða króna. Seðlabankastjóri segir að staða bankanna sé ekki eins góð og virðist við fyrstu sýn. **6**

Herinn gegn uppreisnarmönnum Bardagar í austanverðri Úkraínu kostuðu einn mann lífið í gærmorgun. Úkraínustjórn hefur ákveðið að ráðast til atlögu gegn uppreisnarmönnum. **10**

Íbúar á aðstoð að sprengja áætlun ársins á Reykjanesi

Mjög margir hafa bæst í hóp Reyknesinga sem eru 18 til 29 ára og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum en fá fjárhagsaðstoð úr bæjarsjóði. Nærri fjögur prósent íbúanna þáðu aðstoð í fyrra. Áætlun þessa árs er sprungin.

VELFERÐARMÁL „Eðli þessara útgjalda er líkt og þjónusta á bráðadeild sjúkrahúsa, við höfum lítið val. Fólk í neyð á rétt á slíkri aðstoð lögum samkvæmt,“ segir Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagssviðs Reykjanesbæjar, þar sem nær fjögur prósent íbúa framfleyta sér með fjárhagsaðstoð úr sveitarsjóði.

Á árinu 2013 nutu alls 557 einstaklingar fjárhagsaðstoðar í 14.500 manna samfélagi Reykjanesbæjar. Það svarar til 3,8 prósentu af íbúnum. Útgjöld bæjarins vegna þessa voru 275 milljónir eða um 104 milljónir umfram áætlun. Hjördís segir

þetta einn stærsta óvissuþáttinn í rekstri bæjarfélagsins.

Fjölgun þeirra sem fá aðstoð hefur verið mest hjá fólki á aldrinum 18-29 ára. Frá 2007 hefur þeim fjölgað um 250 prósent á fjárhagsaðstoð. Þess utan er fólk lengur á bótum en áður.

„Margir í þessum aldurshópi eiga ekki aðra framfærslumöguleika, hafa aldrei unnið sér inn atvinnuleysisbótarétt og eiga ekki auðsött á vinnumarkaðinn,“ segir Hjördís.

Á síðasta ári misstu 146 manns úr Reykjanesbæ bótarétt sinn hjá Vinnuálastofnun og er áætlað að 158 fullnýti hann á þessu ári. Nærri

hellingur þeirra 200 milljóna sem áætlaðar voru í fjárhagsaðstoð á þessu ári kláraðist á fyrstu þremur mánuðum ársins.


Hjördís segir ekki minna áhyggjuefni hvað verði um þann hóp sem er hvorki talinn með atvinnulausum né bótaþegum bæjarins. Fjölskyldufólk þurfi að treysta á framfærslu frá einum í stað tveggja. Margir séu í miklum vanda og eftirspurn eftir félagslegu leiguhúsnæði hafi aldrei verið meiri. „Fólk gistir hjá ættingjum og vinum svo vikum og mánuðum skiptir,“ segir Hjördís Árnadóttir.

-ebg / sjá síðu 6



„Margir í þessum aldurshópi eiga ekki aðra framfærslumöguleika, hafa aldrei unnið sér inn atvinnuleysisbótarétt og eiga ekki auðsött á vinnumarkaðinn.“

Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagssviðs Reykjanesbæjar.



Bolungarvík	5°	☁	SV	X
Akureyri	7°	☁	SV	X
Egilsstaðir	5°	☁	SV	X
Kirkjubæjarkl.	7°	☁	SV	X
Reykjavík	7°	☁	S	X

BJART NA-TIL Í dag verða suðvestan 8-15 m/s og rigning en hægari og bjart NA-til. Hiti víðast 3-9 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



NÝI TURNINN RÍS VIÐ HÖFÐATORG Framkvæmdir við nýtt sextán hæða hótél við Höfðatorg standa nú yfir. „Áætlað er að hótelið verði opnað 1. júní 2015,“ segir Páll Daniel Sigurðsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs byggingafélagsins Eyktar, og kveður verkið sækjast vel.

Fréttablaðið/Daniel

Nýjasta loftslagsskýrslan: Útblásturinn hefur aukist

LOFTSLAGSMÁL

„Það kostar ekki allan heiminn að bjarga jörðinni,“ sagði Ottmar Edenhofer, einn þriggja formannna vinnuhóps Loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, sem í gær kynnti nýja skýrslu um hlýnun jarðar.

Athygli er beint að mótvægis-aðgerðum sem gripíð hefur verið til og aðgerð sem enn eru í boði. Nefndin segir brýnt að mannkynið skipti sem allra hraðast yfir í notkun endurnýjanlegra orkugjafa, en bendir á að það þurfi engan veginn að vera óviðráðanlegt verkefni. Þrátt fyrir mót-vægis-aðgerðir síðustu ára hafi útblástur gróðurhúsalofttegunda ekki dregist saman heldur þvert á móti aukist.

-gb / sjá bls. 8



OTTMAR EDENHOFER

Stjórn Hörpu tekur undir með ekkju Erlings Blöndals Bengtssonar: Sellósnillingur eltir Sinfóníuna

MENNINGARMÁL Styttta Ólafar Pálsdóttur myndhöggvara af sellóleikaranum Erling Blöndal Bengtssyni verður flutt frá hringtorgi við Háskólabíó að tónlistarhúsinu Hörpu.

„Stjórn Hörpu barst ósk frá ekkju Erlings Blöndals Bengtssonar um að styttni af honum verði færð frá Háskólabíó að Hörpu (enda hafi hann ekkert framan við bíóhús að gera), sem

virðist í samræmi við síðustu ósk hans sjálfs,“ segir í bréfi Halldórs Guðmundssonar, forstjóra Hörpu, til menningarráðs Reykjavíkur.

Þegar styttni af Erling var komið fyrir á Hagatorgi var Sinfóníuhljómsveit Íslands enn til húsa í Háskólabíó. Eins og kunnugt er hefur hljómsveitin nú aðsetur í Hörpunni. Erling lést í júní í fyrra, 81 árs.



LEIKIÐ VIÐ HÖRPUNA Tillaga að nýrri staðsetningu styttnar af Erling Blöndal Bengtssyni. MYND/BATTERIÍÐ - LANDSLAG

LEIÐIN TIL HOLLUSTU

Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skrárgatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.

www.skyr.is

NÝR PÁSKABURRITO

FRESH * HAPPY * MEX

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla og Vesturbergi

Iceland

SPURNING DAGSINS



Aðalheiður, er rífandi gangur í peningagjöfum?

„Pær mættu nú vera helmingi fleiri!“

Aðalheiður Frantzadóttir, framkvæmdastjóri Mæðrastyrksnefndar, tók við 30 þúsund króna peningagjöf frá Jóni Þór Ólafssyni, þingmanni Pírata, eftir að hann reif þrjá 10 þúsund króna seðla í ræðustól Alþingis á föstudag.

Uppbygging fyrir níu milljarða króna stendur fyrir dyrum á næstu tveimur árum á Keflavíkurflugvelli:

Fimm milljónir farþega stefna á Leifsstöð

FERDAPJÓNUSTA Áætlað er að farþegar sem fara um Keflavíkurflugvöll verði orðnir fimm milljónir á ári á næstu fimm árum.

Til að mæta gífurlegri fjölgun farþega er gert ráð fyrir að fjárfesta í mannvirkjum og tækjum á flugvöllinum fyrir níu milljarða króna á næstu tveimur árum.

„Í fyrra fóru rúmlega 2,7 milljónir farþega um flugvöllinn og í ár erum við að gera ráð fyrir 3,3 milljónum. Síðan er verið að horfa til fjölgunar upp á 10 til 15 prósent árið

þar á eftir en svo er erfitt að spá um hvað verður á næstu árum þar á eftir,“ segir Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Isavia. Áætlanir gera ráð fyrir að farþegafjöldinn verði um fimm milljónir eftir um fimm ár, eða 15,6 sinnum íslenska þjóðin.

Sautján flugfélög flugu til Íslands í fyrra. Farþegum um flugstöðina hefur fjölgað um 15 til 19 prósent á ári í um eða yfir áratug. Friðþór segir að gert sé ráð fyrir um 9 milljarða króna fjárfestingu á næstu tveimur árum til að auka megi

→ 2,7 milljónir farþega fóru um Keflavíkurflugvöll í fyrra og reiknað er með að þeir verði 3,3 milljónir á þessu ári.

afköst flugvallarins. Eitt stærsta verkefnið nú í vor og sumar felst í því að reisa viðbyggingu við vesturálmú suðurbyggingar flugstöðvarinnar. Stækkun farangurskerfis flugstöðvarinnar mun tvöfalda afkastagetuna í sumar.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Viðbyggingar rísa og innviðir verða styrktir á næstu tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SÝNA IÐRUN Félagar í spænski trúarreglu með sína oddmjóu hatta og stóru kerti. FRÉTTABLAÐIÐ

Dymbilvikan á Spáni einkennist af skrúðgöngum:

Óhugnanlegir hattar á höfðum

SPÁNN, AP Strax í byrjun dymbilviku fara grímuklæddir menn með oddmjóa hvíta hatta á stj á Spáni, og halda jafnan á þungum kertum sem kveikt er á ef myrkur er úti. Þeir ganga hægt um götur borga og bæja, og mæla ekki orð frá munni.

Menn þessir minna óþægilega á félagar í Ku Klux Klan, samtökum bandarískra kynþáttahatara, en eiga annars ekkert sameiginlegt með þeim fordómaskjöldum.

Tilgangurinn með gönguferðum þeirra er að sýna iðrun, en þó án þess að sýna andlit sitt eða upplýsa nánar um syndirnar.

Fjölmar gar aðrar skrúðgöngur eru jafnan haldnar á Spáni í dymbilvikunni, af öllum stærðum og gerðum.

Listi yfir Íslendinga í skattaskjóli afhentur

Bresk yfirvöld sendu skattrannsóknarstjóra nöfn 10 Íslendinga sem tengjast skattaskjólum. Skattrannsóknarstjóra hefur verið boðið að kaupa gögn að utan með nöfnum hundraða Íslendinga. Slík gögn hafa aldrei verið keypt hér á landi.

SKATTUR Skattrannsóknarstjóri hefur fengið lista frá breskum yfirvöldum með nöfnum 10 Íslendinga sem tengjast svokölluðum skattaskjólum. Nöfn Íslendinganna voru í leyniskjólum ICIJ, alþjóðlegs samstarfsvettvangs rannsóknarblaðamanna. ICIJ birti í fyrra niðurstöður viðamesta rannsóknarverkefnis síns sem er um skattaskjól en verkefnið er byggt á um 2,5 milljónum leyniskjala.

„Yfirvöld í Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu fengu aðgang að gögnunum og hafa verið að vinna úr þeim. Síðan hafa þau verið að senda upplýsingarnar áfram til annarra landa. Við erum að bíða eftir frekari gögnum sem Bretar hafa undir höndum um þessa tilteknu aðila sem eru á listanum sem okkur var sendur. Það fer svo eftir því hvað kemur út úr þeim hvernig okkar rannsókn verður háttáð,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Hún getur þess jafnframt að embættinu hafi nokkrum sinnum verið boðið að kaupa ýmis gögn frá útlöndum en því hafi verið hafnað. „Þetta hafa verið bæði stór og smá gögn. Í einu tilfallinu var nefndur listi með nöfnum hundraða Íslendinga. Það er alveg klárt að það yrði fengur að fá slík gögn en það er spurning hvað má telja eðlilegt að ganga langt til að afla þeirra. En af þessu sýnist mér að draga megi þá ályktun að til séu ýmis gögn úti um allan heim.“

Að sögn Bryndísar er yfirleitt ekki vitað hverjir það eru sem bjóða gögnin til sölu. „Þeir leggja mikið upp úr nafnleyn. Sú leið



Í NLÚXEMBOURG Fjöldi skattaskjólsmála hefur tengst Lúxemborg. NORDICPHOTO/AFP

hefur aldrei verið farin hjá okkur að kaupa slík gögn og það hefur einnig verið stefnan annars staðar á Norðurlöndum. Ýmis önnur lönd hafa hins vegar keypt slík gögn, til dæmis Þýskaland.“

Spurð um uppsett verð segir Bryndís að samræðurnar við seljendur hafi aldrei komist á það stig að verð hafi komið til tals.

ibs@frettabladid.is



“Í einu tilfallinu var nefndur listi með nöfnum hundraða Íslendinga.“

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Málin flækjast enn í Líbíu

LÍBÍ, AP Abdullah al-Thani, bráðabirgðaforsætisráðherra í Líbíu, skýrði frá því í gær að hann ætli sér að hætta. Hann muni þó gegna embættinu áfram þangað til annar finnst í staðinn.

Þingið hafði farið fram á að hann myndaði nýja stjórn, en hann neitaði að verða við því og ákvað að hætta frekar.

Hann er annar forsætisráðherrann á tveimur mánuðum sem segir af sér. Stjórn málaástandið í landinu er harla flókið enn, þremur árum eftir að Moammar Gaddafí var steypt af stóli.

Hvuttar öttu kappi:

Sleðahundar í Bláfjöllum

ÍPRÓTTIR Sleðahundaklúbbur Íslands stóð fyrir sínum árlega páskagleðskap í gær þar sem ýmsir sleðahundamenn öttu kappi í Bláfjöllum.

Um tuttugu manns tóku þátt í keppninni. Keppendur voru ýmist með tvo, þrjá eða fjóra hunda. Í gönguskíðakeppni er aðeins einn hundur. Einnig var efnt til barnakeppni í hátíðarhöldunum og vakti hún mikla lukku.

Að sögn skipuleggjanda viðburðarins var veður frábært og færð góð.



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Þættirnir Ófærð í leikstjórn Baltasars Kormáks fara í tókur í haust:

Dýrasta sería Íslandssögunnar

KVIKMYNDAGERÐ „Þessi sería verður sú allra dýrasta í íslensku sjónvarpssögu en kostnaður nálgast nú milljarðinn,“ segir Sigurjón Kjartansson, þróunarstjóri RVK Studios, framleiðslufyrirtækis Baltasars Kormáks.

„Íslenskar sjónvarpsseríur hingað til hafa kostað á bilinu 150 til tvö hundruð milljónir,“ útskýrir Sigurjón. Hann skrifar handrit íslensku sjónvarpsþáttanna Ófærð, sem heita á ensku Trapped, ásamt leikaranum Ólafi Egilssyni, Jóhanni Ævari Grímssyni og Bretanum Clive Bradley.

„Þetta er tíu þátta sería og er hver þáttur klukkutími að lengd,“ segir Sigurjón.


Serían var kynnt á kaupráðstefnunni

MIPTV í Cannes í Frakklandi fyrir stuttu, einni stærstu ráðstefnu fyrir kaupendur og seljendur sjónvarps-efnis í heiminum.

Leikstjórn seríunnar verður í höndum Baltasars Kormáks, sem nú er í tókum á stórmyndinni Everest, en Daniel March og Klaus Zimmermann hjá dreifingarfyrtækini Dynamic Television meðframleiða seríuna. Þá sér Dynamic Television einnig um alþjóðlega dreifingu seríunnar.

Stefna RVK Studios frá upphafi hefur verið að framleiða íslenskt sjónvarpsefni fyrir erlendan markað.

„Við viljum sækja á stærri markað en við höfum verið að gera og þetta er fyrsta stóra verkefnið sem við komum á kopp-



ALÍSLENSK Sigurjón segir að Ófærð verði leikin á íslensku af íslenskum leikurum.

inn í sjónvarpi. Til að gera seríu sem getur keppt almennilega við aðrar skandinavískar seríur þarf miklu meiri pening. Til að fá þann pening þurfum við að forselja seríuna úti,“ segir Sigurjón.

Stefnt er á að tókur á Ófærð hefjist í haust og að serían verði sýnd á RÚV á næsta ári. Sigurjón segir enn óvíst hvar þættirnir verða teknir upp.

-lk

Netið hjá Nova

Í sambandi við páskafríð...



4G pungur

7.990 kr.

Með þjónustusamningi í áskrift
Fullt verð: 13.990 kr.

4G hneti

13.990 kr.

Með þjónustusamningi í áskrift
Fullt verð: 19.990 kr.

4G box

19.990 kr.

Með þjónustusamningi í áskrift
Fullt verð: 26.990 kr.

Blindur er netlaus maður.

Gríptu með þér 4G pung, hnetu eða box og vertu viss um að vera í góðu netsambandi um páskana. 4G/LTE netþjónusta Nova er á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Skorradal, Grímsnesi og Reykjanesbæ. 4G/LTE tæki virka að sjálfsgöðu líka á 3G svo þú ert alltaf í sambandi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Fyrsti mánuður á 0 kr. Þjónustusamningur í áskrift hjá Nova er til 6 mánaða, greitt með kreditkort. Nánari upplýsingar á nova.is.

SVONA ERUM VIÐ



600 þúsund tonn af brota-járni hafa verið send frá Íslandi á þessari öld.

Árin 2007 og 2008 fóru hátt í 70 þúsund tonn af brotajárni utan en aldrei helmingur þess magns eftir hrún.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Lögreglan á Selfossi rannsakar banaslys við Hrafninnusker á Suðurlandi:

Á sleða fram af hengju og lést

SLYS Maður sem var í vélsleðaferð í grennd við Hrafninnusker á Suðurlandi í gær lést þegar sleði hans féll fram af snjóhengju. Maðurinn var á ferð ásamt sjö félögum sínum.

Lögreglunni á Hvolsvelli barst tilkynning um slysið um klukkan ellefu í gærmorgun. Einn lögreglu-maður fór þaðan á jeppa lögreglunnar en auk þess voru eitthvað á bilinu þrjátíu til fjörutíu björgunarsveitarmenn frá Landsbjörgu kallaðir út vegna slyssins.

Þá var þyrta Landhelgisgæslunnar einnig send á slysstað. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli tók aðgerðin um sjö klukkutíma. Gott skyggni var á slysstað og mikil veðursæld.

Í gær fengust ekki nánari upplýsingar um tildrög slyssins en þau eru í rannsókn hjá lögreglunni á Selfossi.

Hrafninnusker er fyrsti viðkomustaður eftir Landmannalaugar á Laugaveginum, einni helstu gönguleið landsins. -lkj



TILDRÖG ÓKUNN Þrjátíu til fjörutíu björgunarsveitarmenn voru kallaðir á slysstað í gær. Meðfylgjandi mynd er ekki af slysstað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögreglan snerist í ýmsu: Fíkniefnaakstur og slagsmál

AFBROTAMÁL Tilkynnt var um innbrot í skóla í austurbænum. Rúða var brotin og þjófurinn gekk inn, en ekki er vitað hverju var stolið.

Þrjár bílar voru stöðvaðir í fyrrið. Ökumennirnir eru grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Ölvaður maður var handtekinn eftir að hafa ráðist á annan mann. Handtekni maðurinn var blóðugur í framan og talið að hann hafi þá nýlengið slagsmálum. -kón



VILHJÁLmur BJARNASON Trúir ekki á klofning Sjálfstæðisflokks. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á móti nýjum hægri flokki: Vilhjálmur vill sigur innan frá

STJÓRNmÁL „Ég ætla að sigra Sjálfstæðisflokkinn innan frá,“ sagði Vilhjálmur Bjarnason alþingismaður, aðspurður í þættinum Mín skoðun í gær hvort hann gæti hugsað sér að ganga í nýjan hægri flokk.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á laugardag sögðu 21,5 prósent aðspurðra í skoðanakönnun gerðri af Capacent að líklegt væri eða öruggt að þeir myndu kjósa nýtt Evrópusinná framboð hægri manna. Kvaðst Vilhjálmur hvorki hafa trú á að Sjálfstæðisflokkurinn mynda klofna né að menn á borð við Þorstein Pálsson og Benedikt Jóhannesson færu úr flokknum. -gar

Rúta rakst á flutningabíl: Tugir létu lífið í bíslysi í Mexíkó

MEXÍKÓ, AP Að minnsta kosti 36 manns létu lífið þegar langferða-bifreið skall á flutningabifreið í sunnanverðu Mexíkó.

Flutningabifreiðin hafði bílað og stóð kyrr við vegarkantinn þegar rútan skall skyndilega á henni. Eldur kviknaði í rútnni og varð hún alelda á svipstundu. Fjórir komust lífs af. -gb

Tæp 4 prósent íbúa með fjárhagsaðstoð

Útgjöld Reykjaneshæjar vegna fjárhagsaðstoðar voru 275 milljónir árið 2013. Einstaklingum á aldrinum 18-29 ára sem þiggja fjárhagsaðstoð hefur fjölgað um 250% á síðustu sex árum. Á annað hundrað manns munu missa bótaréttinn á þessu ári.

VELFERÐARMÁL Á árinu 2013 nutu alls 557 einstaklingar fjárhagsaðstoðar í 14.500 manna samfélagi Reykjaneshæjar. Útgjöld bæjarins vegna þessa voru 275 milljónir eða um 104 milljónir umfram áætlun.

„Þannig var þessi liður einn stærsti óvissuþátturinn í rekstri bæjarfélagsins,“ segir Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagssviðs Reykjaneshæjar. „Eðli þessara útgjalda er líkt og þjónusta á bráðadeild sjúkrahúsa, við höfum lítið val. Fólk í neyð á rétt á slíkri aðstoð lögum samkvæmt.“




HJÖRDÍS ÁRNADÓTTIR

Fjölgun þeirra sem fá aðstoð hefur verið í öllum aldurshópum en mest hjá fólki á aldrinum 18-29 ára, og frá árinu 2007 hefur þeim fjölgað um 250% á fjárhagsaðstoð. Fyrir utan fjölgunina er þróunin sú að fólk er lengur á bótunum.

„Margir í þessum aldurshópi eiga ekki aðra framfærslumöguleika, hafa aldrei unnið sér inn atvinnuleysisbótarétt og eiga ekki auðsött á vinnumarkaðinn. Hér hefur verið lögd áhersla á að skapa þessu fólki úrræði, til dæmis í samstarfi við Vinnumálastofnun, en sá hængur er á að þessi úrræði eru tímabundin og betur má ef duga skal,“ segir Hjördís.

Á síðasta ári misstu 146 manns úr Reykjaneshæjar bótarétt hjá Vinnumálastofnun og er áætlað að 158 fullnýti hann á þessu ári. „Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014

ÚTGJÖLD VEGNA FJÁRHAGSAÐSTOÐAR Í REYKJANESBÆ



250% fjölgun í hópi ungs fólks á aldrinum 18-29 ára. Árið 2007 voru 81 á þeim aldri með fjárhagsaðstoð en árið 2013 voru þeir 287. 146 íbúa Reykjaneshæjar misstu bótarétt hjá Vinnumálastofnun í fyrra. Á árinu 2014 munu 158 manns bætast í hópinn og munu þá atvinnulausir án bótaréttar vera 2% bæjarbúa.

miðaðist við að nú færum við að rétta úr kútnum og voru 200 milljónir áætlaðar í fjárhagsaðstoð. En nú á fyrstu þremur mánuðum ársins erum við búin með tæpar hundrad milljónir þannig að við sjáum fram á að fara langt yfir áætlun.“

Hjördís segir ekki alla sem missa bótarétt fá fjárhagsaðstoð frá bænum, en það sé ekki minna áhyggjuefni hvað verði um þann hóp sem er hvorki talinn með atvinnulausum né bótáþegum

bæjarins. Fjölskyldufólk þurfi að treysta á framfærslu frá einum í stað tveggja.

„Það hefur aldrei verið jafn mikil eftirspurn eftir félagslegu leiguhúsnæði og nú, og margir eru í verulegum vanda. Fólk gistir hjá ættingjum og vinum svo vikum og mánuðum skiptir. Hjá félagsþjónustunni er unnið að lausnum, en þær geta verið tímafrekar þegar fólk á hvergi heima,“ segir Hjördís. erlabjorg@frettabladid.is



RAFJHÓL Sveifknúin hjól haldast í sama flokki og áður. Fréttablaðið/Ernir

Lagafrumvarp um rafbírhjól: Vespur gerðar réttindaskyldar

SAMGÖNGUR Frumvarp um breytingu á umferðarlögum liggur nú fyrir á Alþingi í kjölfar slyss þar sem rafmagnsvespu var ekið á barn.

Samkvæmt frumvarpinu verða hjól með eiginlegri inngjöf flokkuð sem létt bifhjól í flokki 1. Til þess að aka bifhjóli í þeim flokki mun fólk þurfa að hafa skellinöðrupróf og hafa náð aldursmörkum fyrir réttindi til að keyra slíkt hjól.

Frumvarpið snertir ekki sveifknúin hjól svo notkun þeirra helst enn óbreytt. -kón

Öldrunarmiðstöðin Höfn: Íbúar í Sólvangi eignist íbúðir

FJÁRMÁL Stjórn Öldrunarmiðstöðvarinnar Hafnar í Sólvangi í Hafnarfirði vill afsala eignarhaldi á íbúðum þannig að íbúðarréttthafar verði þinglýstir eigendur.

Gríðarlegir fjárhagslegir erfiðleikar hafa verið hjá Höfn. „Aðalvandinn er misvægi á kaupum og sölu íbúðarréttar sem ekki nær að tryggja jákvæða stöðu og til að vinna upp tap síðastliðinna tveggja ára,“ segir stjórnin í yfirlýsingu þar sem þróun mála er hörmuð. „Það er hins vegar mat þeirra sem komið hafa að málum að ábyrgðarlaust sé að halda rekstrinum áfram þegar hægt er með þessum inngripum að tryggja eignarrétt íbúðarréttthafa að Sólvangsvogi 1 og 3.“ -gar

PÁSKATILBOÐ

54.900

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Opið til kl. 16 á laugardag

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 21°	Friedrichshafen 17°	New York 20°
Ápøna 18°	Gautaborg 8°	Orlando 29°
Basel 23°	Kaupmannahöfn 8°	Ósló 12°
Berlín 10°	Las Palmas 23°	París 16°
Billund 10°	London 15°	San Francisco 18°
Frankfurt 14°	Mallorca 21°	Stokkhólmur 11°

Á MORGUN
8-15 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR
5-13 m/s.

ÚRKOMA MEÐ KÖFLUM Fremur stíf suðvestanátt verður ríkjandi að mestu næstu daga með úrkomu um sunnan og vestanvert landið. Heldur hægari vindur og úrkomulítið norðaustanlands. Kólnar heldur í veðri og tíma seint annað kvöld.

AuglýsingaEldir Fréttablaðsins - Auglýsingastjóri: Jón Laufdal joni@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sveinir Birgir Sveinsson sveinir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður



Verð: 1.390.000 kr.

Toyota Yaris Terra TEP83
Skráður febr. 2008, 1,0l bensín, beinsk.
Ekinn 53.000 km.



Tilboð: 1.390.000 kr.

Hyundai i30 Classic TOH76
Skráður júní. 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Tilboð: 1.990.000 kr.

Kia Sorrento EX AWD SN967
Skráður febr. 2006, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 140.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.



Tilboð: 1.990.000 kr.

Toyota Auris MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Verð: 790.000 kr.

Toyota Rav-4 AWD YN847
Skráður sept. 2001, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 184.000 km.



Tilboð: 2.390.000 kr.

Ford Explorer XLT Sport 4x4 NV751
Skráður maí 2007, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 110.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.



Tilboð: 890.000 kr.

Renault Laguna A0856
Skráður sept. 2005, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 158.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN



TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

*SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING*

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Tilboð: 1.690.000 kr.

Hyundai i20 classic LV851
Skráður ágúst 2011, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 1.940.000 kr.



Tilboð: 5.450.000

Toyota Land Cruiser 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.



Tilboð: 1.390.000 kr.

Nissan X-Trail Elegance KN151
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 127.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Tilboð: 6.990.000 kr.

Mitsubishi Pajero Instyle 4x4 REJ72
Skráður maí. 2011, 3,2TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 7.990.000 kr.



Tilboð: 990.000 kr.

Ford C-MaxTrend UI839
Skráður ágúst 2005, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 94ag.000 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.



Tilboð: 1.290.000 kr.

Audi A6 UZ308
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.



Tilboð: 2.090.000 kr.

Citroën C3 Exclusive MRN04
Skráður apríl 2012, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bilgræininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

VEISTU SVARID?



1. Hversu margir í skoðanakönnun Capacent sögðu öruggt eða líklegt að þeir myndu kjósa nýjan hægri flokk?
2. Hversu mikið gátu starfsmenn Sjóvör hagnast með kaupum á hlutabréfum í útboði?
3. Hvað heitir tólf ára gamli strákurinn sem leikið hefur í fimm atvinnuleikisýningum?

SVÖR

1. 21,5 prósent. 2. Um 1,5 milljónir króna. 3. Grettir Valsson.

Sólin skein á öll helstu skíðasvæði landsins í gær og bjartsýni er á framhald á því næstu daga:

Gott skíðafæri í aðdraganda páskaanna

ÚTIVIST Skíðasvæðin í Bláfjöllum, Oddsskarði, Hlíðarfjalli og dölunum á Ísafirði, Seljalands- og Tungudal, voru opin fyrir skíða- og brettafólk í gær.

Færi á flestum skíðasvæðum var mjög gott, og einnig var veður prýðilegt. Sól skein skært í skíðabrekkum um land allt, og hægir vindar léku um skíðafólk.

Í Bláfjöllum voru rútuferðir, skíða- og brettaleiga og veitingasala virk samkvæmt áætlun.

Þriggja stiga frost og ágætt

veður var í Hlíðarfjalli við Akureyri. Færi var gott, og sólin skein yfir fjallið. Veðurstofan spáir áframhaldandi sólskini um hádegisbil í dag á Akureyri.

Í Tungudal og Seljalandsdal var nýfallinn, léttur snjór yfir svæðinu og gott færi utan brautar. Einnig féll þúðursnjór á fyrtröðnar brautir.

Skíðafæri við Oddsskarð er að sögn forstöðumanns afar gott. Í gær skíðuðu menn á nýföllnum snjó. Starfsfólk svæðisins er bjartsýnt á gott veður út vikuna. -kóh



SÓLSKIN Gaman er á skíðum í góða veðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



PINGEYRI Vilja samráð um lokun fiskvinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ísfirðingar átélja Vísi hf.: Samfélagslega ábyrgð skortir

ATVINNUMÁL Bæjarráð Ísafjarðarbæjar segir útilokað fyrir eigendur Vísis hf. að loka starfsstöðvum á Þingeyri, Húsavík og Djúpavögi, án samráðs við þá sem tengist málinu.

„Í ljósi þess hvernig til starfseminnar var stofnað er ekki rétt að Vísi hf. á Þingeyri taki þessa ákvörðun án samráðs við Ísafjarðarbæ og aðra hlutaðeigandi aðila. Ef fyrirtæki ætla að eiga fullan þátttökurétt í samfélaginu þá eiga þau skilyrðislaust að sýna meiri samfélagslega ábyrgð en þarna birtist,“ segir bæjarráðið sem vill breytingar svo fiskveiðistjórnunarkerfið tryggir trausta atvinnu og byggð í landinu. -gar

Vilja varaflugvöll lagfærðan:

Segja Isavia eiga nægt fé

SAMGÖNGUR „Öllu tali um að ekki sé til fjármagn er hér með vísað til föðurhúsanna,“ bókuðu fulltrúar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sem krefjast þess að Isavia láti strax lagfæra Þingeyrarflugvöll.

Bæjarfulltrúarnir mótmæla því sem haldið er fram af hálfu Isavia að ekki sé til fjármagn til að laga Þingeyrarflugvöll svo að hann nýttist sem varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll. „Nú nýlega var opinberað að Isavia hafi verið rekið með 3,2 milljarða króna hagnaði á síðasta rekstrarári,“ bendir bæjarstjórn á. -gar

Segir arðgreiðslur bankanna eðlilegar

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir bankana ekki stofna eiginfjárstöðu sinni í hættu með arðgreiðslum upp á 32 milljarða. Seðlabankastjóri segir tilefni til að stilla arðgreiðslum í hóf. Staða bankanna sé ekki eins góð og virðist við fyrstu sýn.

VIÐSKIPTI „Þetta hefur verið gert af skynsemi,“ segir Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, um arðgreiðslur viðskiptabankanna þriggja sem nema þriðjung af samantöldum hagnaði þeirra árið 2013.

„Það eru engin hættumerki núna enda eru bankarnir með mjög sterka eiginfjárstöðu og eins og sakir standa hafa þeir ekki stofnað þeirri stöðu í neina hættu með þessum arðgreiðslum,“ segir Unnur.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir í nýju riti Seðlabankans um fjármálastöðugleika að enn sé tilefni til að stilla arðgreiðslum bankanna í hóf. Staða bankanna sé ekki eins góð og virðist við fyrstu sýn. Ein ástæðan sé sú að erlend lausafjárstaða þeirra muni að óbreyttu versna verulega komi ekki til skilmálabreytinga á skuld nýja Landsbankans við þann gamla eða eðlilegur aðgangur nýja bankans að erlendu lánsfé hafi opnast áður. Hluti góðrar afkomu bankanna byggist á virðishækkun útlána og

fleiri óreglulegum þáttum og hærri bankaskattar muni rýra afkomu bankanna.

„Við höfum tekið undir að það þarf að fara varlega í þessar arðgreiðslur en það er einnig heilbrigðismerki að geta greitt út arð til eigenda sinna,“ segir Unnur.

Stóru viðskiptabankarnir þrír, Landsbankinn, Arion Banki og Íslandsbanki, hafa samtals greitt 31,8 milljarða króna í arð til hluthafa á þessu ári. Stór hluti þeirrar upphæðar rennur í ríkissjóð en ríkið á meðal annars 97,7 prósent eignarhlut í Landsbankanum.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), telur bankana hafa stigið varlega til jarðar þegar kemur að arðgreiðslum.

„Sjónarmið seðlabankastjóra eru fullrar athygli verð. Eins og hann nefnir eru tímabundnir þættir eins og endurmat eigna sem hafa haft jákvæð áhrif á afkomu bankanna en þau áhrif eru ekki viðvarandi,“



Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins

segir Guðjón og bendir á að fyrir Alþingi liggja frumvarp þar sem eiginfjárkröfur til fjármálafyrirtækja eru hertar.

„Ég held að þessar arðgreiðslur séu klárlega mjög hófstílltar enda mikið eigið fé bundið í þessum fyrirtækjum og verulegur meirihluti af þessari tölu fer í vasa ríkisins,“ segir Guðjón. haraldur@frettabladid.is

Við höfum tekið undir að það þarf að fara varlega í þessar arðgreiðslur en það er einnig heilbrigðismerki að geta greitt út arð til eigenda sinna,

Utanríkisráðherra í ræðu: Alþjóðabanki útrými fátækt

ALPJÓÐASAMSKIPTI

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra flutti í gær ræðu fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á fundi þróunarnefndar Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Gunnar lagði áherslu á að störf Alþjóðabankans beinist að auknum hagvexti, sjálfbærri náttúruauðlindanýtingu og jafnrétti kynjanna. Bankinn eigi að starfa að því að útrýma fátækt.

Jim Kim, forseti Alþjóðabankans, sagði snjallsíma hafa breytt væntingum fólks í þróunarrikjum um lífskjör því það sjái hvernig fólk í öðrum löndum lifir. -kóh



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Áform um uppbyggingu:


Nýtt hótél rís í Húsafellsskógi

SKIPULAGSMÁL Sveitarstjórn Borgarfjarðar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Húsafelli svo hægt sé að ráðast í byggingu hótels nærri sundlauginni og þjónustuhúsinu þar.

Náttúrufræðistofnun kvaðst ekki geta mælt með að birkiskógur yrði ruddur fyrir frístundabyggð, hótél og aðra afþreyingu. Umhverfisstofnun sagði mikilvægara að halda birkisvæðinu sem útivistarsvæði og mælti með að finna hótélina stað.

Sveitarstjórnin sagði breytinguna hins vegar í samræmi við aðalskipulag og benti á samning milli Skógræktar ríkisins og landeiganda um mótvægisáðgerðir með plöntun birkitrjáa. -gar

AFKOMA OG ARÐGREIÐSLUR BANKANNA 2013



Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG TANNKREM FYRIR VIÐKVÆM SVÆÐI



NÝ OG BETRI HÖNNUN!

Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE



Það er gott hjá þér að hugsa fram í tímann fyrir þá sem treysta á þig

LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGING FYRIR ÞIG OG FÓLKID ÞITT

Það er gott hjá þér að hugsa um heilsuna á hverjum degi, því þú veist að hún skiptir öllu máli, bæði fyrir þig og þá sem treysta á þig. Taktu næsta skref í dag

og láttu líf- og sjúkdómatryggja þig. Hafðu samband og starfsfólk VÍS veitir þér persónulega ráðgjöf. **VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VÍS.IS

LÍFTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.



Plötusala Múrbúðarinnar er á Kletthálsi

Furukrossviður
 Birkikrossviður
 Mótakrossviður
 Gólfplötur - rakavarðar spónaplötur með nót
 Veggplötur með nót
 Skrufur og festingavörur
 Sökkuldúkur

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

MÚRBÚÐIN
 Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
 Kletthálsi 7 Reykjavík - Fuglavík 18 Reykjanesbæ

Mannkynið verður að snúa við blaðinu

Drátt fyrir ýmiss konar ráðstafanir ríkja heims gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda hefur útblásturinn aukist. Þetta kemur fram í nýjustu skýrslu loftslagsnefndar SP, þar sem athyglinni er beint að möguleikum okkar til að draga úr útblæstri.

LOFTSLAGSMÁL Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna segir að mannkynið verði að skipta hratt yfir í endurnýjanlega orkugjafa, eigi að takast að hægja á hlýnun jarðar.

Drátt fyrir þær mótvægisáðgerðir, sem gripið hefur verið til undanfarna áratugi, hefur útblástur gróðurhúsalofttegunda, sem ýta undir hlýnun jarðar, aukist í staðinn fyrir að dragast saman. Að meðaltali hefur útblásturinn aukist um 2,2 prósent á ári á tímabilinu frá árinu 2000 til 2010.

„Skilaboðin frá vísindunum eru skýr: Til þess að komast hjá því að hafa hættuleg áhrif loftslagskerfið, þá þurfum við að snúa við blaðinu,“ sagði Ottmar Edenhofer, einn þriggja formanna vinnuhóps loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, sem í gær kynnti nýjustu afurð sína á blaðamannafundi í Berlín.

Edenhofer tók hins vegar fram að kostnaðurinn við þær áðgerðir, sem nauðsynlegar eru, þurfi alls ekki að vera óviðráðanlegur: „Það kostar ekki allan heiminn að bjarga jörðinni,“ sagði hann.

Í skýrslunni er fjallað ítarlega um áðgerðir gegn loftslagsbreytingum, bæði þær sem gripið hefur verið til á síðustu áratugum og þær sem enn er mögulegt að grípa til.



MÓTMÆLI Í BERLÍN Félagar í Greenpeace-samtökunum notuðu að venju tækifærið á meðan loftslagsnefndin fundaði og vöktu athygli á málstað sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sú ódýrasta og hættuminnsta sem völ er á væri að hætta notkun jarðefnaeldsneytis á borð við kol og olfu strax á allra næstu áratugum. Sú leið krefst hins vegar þess að mikil umskipti verði bæði í pólitík og viðskiptum á heimsvísu.

„Alþjóðleg samvinna er lykillinn að því að ná markmiðum mótvægisáðgerða. Það er svo áskorun út af fyrir sig að setja á laggirnar þær alþjóðastofnanir sem nauðsynlegar eru til slíkrar samvinnu,“ sagði Edenhofer í gær.

Um 1.250 vísindamenn hafa unnið að gerð skýrslunnar og niðurstaðan hefur verið samþykkt af stjórnvöldum 194 landa, eða nánast allra ríkja heims.

Skýrslan er sú þriðja og jafnframt síðasta frá jafn mörgum vinnuhópum loftslagsnefndarinnar sem birst hefur í vetur. Hún verður birt í heild á morgun, en í gær var aðeins birtur útdráttur úr henni til kynningar. Í október næsta haust verður svo endanlegur texti heildarskýrslunnar birtur. gudsteinn@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



UPPLIFÐU RÝMI



Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskíptur.



Eyðsla frá 4,4 l/100 km



CO₂ frá 114 g/km



5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

KOMDU BETUR ÚT MEÐ ATLANTSOLÍU



DÆLULYKILLINN AÐ VINNINGUM

Þú gætir unnið glæsilegar sólarlandaferðir fyrir fjölskylduna, leikjatölvur, flatskjái, iPad, reiðhjól eða einn af mörg þúsund vinningum með því að nota dælulykil Atlantsolíu. Allt um leikinn á atlantsolia.is/leikur.

Þú kemur betur út með dælulykli Atlantsolíu.

Sæktu um dælulykilinn á atlantsolia.is eða í síma 591 3100.



Fylgdu okkur á Facebook til að eiga
möguleika á enn fleiri vinningum
facebook.com/Atlantsolia

ATLANTSOLIA

Sími 591 3100 | atlantsolia.is



20%
afsláttur
Gildir út apríl

Bioténe

Munnúði, munnskól,
munnigel og tannkrem
sem vinnur gegn munnþurrki.



www.lyfja.is

Lægra
verð í
Lyfju

KPMG

cutting through complexity

UPPGJÖR & BÓKHALD

Við elskum ársreikninga

Einblíndu á það sem skiptir máli í þínum rekstri og láttu gerð ársreikningsins í hendur fagfólks sem hefur unun af verkinu.

Hafðu samband við
Bírmu í síma 545 6082
og fáðu fast verð í
gerð ársreikningsins.

kpmg.is



MEÐ MARÍU MAGDALENU SÉR TIL STUÐNINGS Vopnaðir menn, hliðhollir Rússum, á götum borgarinnar Lugansk. NORDICPHOTOS/AFP

Úkraínuher veitir viðnám

Bardagar í austanverðri Úkraínu kostuðu einn mann lífið í gærmorgun. Úkraínustjórn hefur ákveðið að ráðast til atlögu gegn uppreisnarmönnum.

ÚKRAÍNA Úkraínsk stjórnvöld ákváðu í gær að senda hermenn gegn uppreisnarmönnum, hliðhollum Rússum, í austanverðu landinu, þar sem þeir hafa náð hverri stjórnarbygginguna á fætur annarra á sitt vald. Jafnframt mun herinn veita rússneskum hermönnum viðnám, fari þeir yfir landamærin frá Rússlandi til Úkraínu.

Oleksandr Túrtsjínov forseti segist ekki ætla að láta það viðgangast að það sem gerðist á Krímskaga endurtaki sig. Rússar innlimuðu Krímskaga í síðasta mánuði eftir að heimamenn þar, hliðhollir Rússum, höfðu lýst yfir sjálfstæði og óskað eftir aðild að Rússlandi.

Túrtsjínov lofaði sakaruppjöf öllum Úkraínumönnum sem ákveða að leggja niður vopn þegar í stað.

Til átaka kom í borginni Slovjansk í austanverðri Úkraínu í gær, þar sem uppreisnarmenn höfðu náð lögreglustöð og leyniþjónustuskrifstofum á sitt vald daginn áður.

Einn yfirmaður í úkraínsku

leyniþjónustunni lét þar lífið og tveir yfirmenn í hernum særðust.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann lýsti áhyggjum af þróuninni í austanverðri Úkraínu. Þar væru á ný komnir fram á sjónarsviðið menn „með sérhæfð rússnesk vopn og sams konar búninga ómerkta, rétt eins og rússneskir hermenn höfðu notað áður þegar Rússland innlimaði Krímskaga með ólöglegum og ólögætum hætti“. Hann sagði þetta alvarlega þróun.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hringdi í gær í Sergei Lavrov, rússneskan starfsbróður sinn. Kerry sagðist hafa miklar áhyggjur af því að árárnar hafi verið „skipulagðar og samstilltar, svipað fyrri árásum í austanverðri Úkraínu og á Krímskaga“.

Lavrov sagði ekkert hæft í því að Rússar ættu þarna nokkurn hlut að máli, en sakaði Úkraínustjórn um að taka ekki tillit til „lögmetra þarfa og hagsmuna rússneskra og rússneskumælandi íbúa“.

gudsteinn@frettabladid.is

Vissir þú að...

born eiga rétt á vernd
gegn klámi.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

thekking.is

TÖLVUKERFIÐ ÞITT Í ÖRUGGUM HÖNDUM

Öryggi

- Ráðgjöf
- Úttektir
- Stefnumótun

Afritun

- Hagkvæmar lausnir
- Mikil reynsla og traust vinnubrögð
- Sérfræðiráðgjöf

Kynntu þér málið:
460 3100 / sala@thekking.is

URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI

460 3100
THEKKING.IS



Orri Stefánsson
@thekking í 13 ár



Salómonseyjar skjálfa: Tveir öflugir jarðskjálftar

SALÓMONSEYJAR, AP Tveir öflugir jarðskjálftar urðu skammt frá Salómonseyjum í gær. Í fyrstu var óttast að skjálftarnir myndu hrinda af stað mikilli flóðbylgju.

Ekkert varð þó úr flóðinu og engar fregnir hafa borist af umtalsverðum skemmdum eða manntjóni.

Fyrri skjálftinn mældist 7,6 stig en sá síðari 7,4 stig.

Um 600 þúsund manns búa á Salómonseyjum, en þær eru í Kyrrahafi norðaustur af Ástralíu. Þar urðu mikil flóð í síðasta mánuði. -gb



LEITARVÉL FRÁ KÍNA í aðflugi í Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leit haldið áfram:

Rafhlöðurnar líklega búnar

ÁSTRALÍA, AP Rafhlöðurnar í svörtu kössum malasísku farþegaþotunnar, sem hvarf fyrir meira en mánuði, virðast hafa tæmst í gær.

Sterk merki bárust frá þeim alla síðustu viku, en ekkert heyrst lengur.

Leitinni er engu að síður haldið áfram, bæði bæði á sjó og úr lofti, í von um að finna brak eða annað sem gæti hjálpað til við að finna staðsetningu vélarinnar á hafsbotninum vestur af Ástralíu.

Sjálfvirkur kabátur, sem sendur var niður í hafið til leitar, vinnur hægt og þarf allt að tvo mánuði til að fara yfir allt leitar-svæðið. -gb



ABDULLAH ABDULLAH Keppir líklega við Ashraf Ghani í seinni umferð kosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrstu tölur frá Afganistan: Abdullah boðar einingarstjórn

AFGANISTAN, AP Tveir frambjóðendur höfðu fengið langmest fylgi þegar talningu tíu prósentu atkvæða var lokið. Að öllum líkindum verður því kosið á milli þeirra tveggja í seinni umferð forsetakosninga í næsta mánuði.

Abdullah Abdullah, sem varð í öðru sæti árið 2009, var kominn með 41,9 prósent en Ashraf Ghani Ahmedzai 37,6 prósent. Í þriðja sæti var Zalmai Rassoul, sem sagður er í uppáhaldi hjá Hamid Karzai, fráfaramandi forseta.

Abdullah var að vonum ánægður með tölurnar, og sagðist reyna að mynda einingarstjórn verði hann ofan á.

Hann hefur þegar rætt við Rassoul um samstarf, en segir að Ghani geti verið í stjórnarandstöðu. -gb

Skógareldarnir í Síle með þeim verstu í meira en hálfa öld:

Hundruð íbúðarhúsa brunnin til grunna

SÍLE, AP Skógareldar í Síle höfðu kostað að minnsta kosti ellefu manns lífið í gær og 500 íbúðarhús hið minnsta voru brunnin til kaldra kola. Óttast var að manntjónið yrði mun meira og eignatjón sömuleiðis.

Meira en 10 þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Þá þurfti að flytja um 200 kvenfanga úr einu fangelsi í annað vegna eldhættunnar.

Eldarnir kviknuðu á laugardag í einni af hæðunum fyrir ofan borgina Valparaiso. Þar í hæðunum býr fjöldi fólks í stórum fátækra-hverfum.

Eldarnir breiddust hratt út vegna hvassviðris sem feykta eldsglóðum inn yfir borgina.

„Þetta er mikill harmleikur, hugsanlega verstu eldsvoðar í sögu borgarinnar,“ sagði Michelle Bachelet, forseti Síle. Annar eins eldsvoði hefur ekki orðið í Valparaiso síðan 1953, þegar 50 manns létu lífið og heilu hverfin brunnu til grunna.

Bachelet lýsti yfir neyðarástandi í borginni allri, en þar búa um 250 þúsund manns. Her landsins var jafnframt falið að tryggja öryggi borgarbúa.

Sautján þyrlur hafa verið notaðar til þess að auka vatni á eldana. Um 1.250 slökkviliðsmenn, lögreglumenn og skógarverðir tóku þátt í slökkvistörfunum.



BARIST VIÐ ELDANA Eldglæringar skjótast frá logunum í Valparaiso meðan reynt er að ráða niðurlögum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rýmum fyrir nýjum Bosch heimilistækjum.

Bosch þvottavélar, þurrkarar, veggofnar, uppþvottavélar og kælitæki á tilboðsverði næstu daga. Hér fyrir neðan eru nokkur sýnishorn, takmarkað magn í boði.

Bosch heimilistækin eru þau mest seldu í Evrópu. Komdu og gerðu frábær kaup, við tókum vel á móti þér.



Kæli- og frystiskápur

KGV 36NW20

Hvítur. Hljóðlátur. LED-lýsing. Krómaður flöskurekki. Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.

Tilboð:
99.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.

Þú sparar 30.000 kr.



Kæli- og frystiskápur

KGV 39VW30

Hvítur. Hljóðlátur. Fimm hillur úr öryggisgleri, þar af þrjár færanlegar. Mál (h x b x d): 201 x 60 x 65 sm.

Tilboð:
99.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.

Þú sparar 30.000 kr.



Kæli- og frystiskápur

KEG 36AW30

Hvítur. Einstaklega hljóðlátur. Tvö kælikerfi. CrisperBox-skúffa. LED-lýsing. Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.

Tilboð:
129.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.

Þú sparar 40.000 kr.



Þvottavél

WAQ 28492SN

Tekur mest 8 kg. Orkuflokkur A+++.

Hámarksvindhraði: 1400 sn./mín. 15 mín. hraðkerfi. Blettakerfi.

Tilboð:
139.900 kr.

Fullt verð: 179.900 kr.

Þú sparar 40.000 kr.



Þvottavél

WAB 24262DN

Tekur mest 6 kg. Orkuflokkur A+.

Hámarksvindhraði: 1200 sn./mín. 15 mín. hraðkerfi.

Tilboð:
79.900 kr.

Fullt verð: 114.900 kr.

Þú sparar 35.000 kr.



Veggofn

HBA 241350S

Stórt ofnrými: 67 lítrar. Heitur blástur. Kjöthitamælir. Nákvæm hitastýring.

Tilboð:
129.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.

Þú sparar 40.000 kr.



Þurrkari

WTE 84103SN

Tekur mest 7 kg. Rakaskynjari. Hraðkerfi 40 mín. Krumpuvörn.

Tilboð:
99.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.

Þú sparar 30.000 kr.



Þurrkari

WTW 84100SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Hraðkerfi 40 mín. Sjálfhreinsandi rakapétir. Krumpuvörn.

Tilboð:
129.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.

Þú sparar 60.000 kr.



Uppþvottavél

SMU 58M22SK SuperSilence

Orkuflokkur A++. Mjög hljóðlát. Kraftþvottur, tímastýtt og aukþurrkun. Hnífaparaskúffa.

Tilboð:
139.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.

Þú sparar 50.000 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Gildir til 16. apríl eða á meðan birgðir endast.

BOSCH

- B Ú Ð I N -

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Kjósendur opnir fyrir Evrópusinnuðum hægriflokki:

ESB-málið breytir flokkakerfinu

Veruleg eftirspurn virðist vera hjá kjósendum eftir nýjum, Evrópusinnuðum hægriflokki, eins og sést af niðurstöðum Capacent-könnunar sem Fréttablaðið birti um helgina. Miðað við það hvernig fylgi flokkanna lagðist í síðustu könnun Capacent og hvaðan nýr flokkur myndi aðallega fá fylgi sitt, gæti hann orðið stærsti flokkur landsins ásamt Sjálfstæðisflokknum, en báðir fengju samkvæmt þessari greiningu 21,5 prósent atkvæða og 14 þingmenn. Þar á eftir kæmu fjórir flokkar með 11-12 prósentu fylgi og 7-8 þingmenn og loks Píratar með 8 prósent og sex þingmenn. Þetta væri gríðarleg breyting á pólitíska landslaginu.

Að sjálfsögðu þarf að hafa fyrirvara á niðurstöðunum. Enginn flokkur er orðinn til, langt í næstu kosningar og ný framboð fá oft mikinn stuðning í upphafi sem fjarar síðan út.

Það er rangt að stilla nýjum flokki upp sem „Nýja Sjálfstæðisflokknum“ eða klofningi út úr Sjálfstæðisflokknum. Miðað við niðurstöðurnar hefði hann breiðari skírskotun en það og fengi um helming fylgisins frá Framsóknarflokki, Samfylkingu og Bjartri framtíð.

